



## **SAMSTARF**

Hver er staðan og hvert stefnum við?

Skýrsla farskólanefndar um  
Farskóla Félags Íslenskra safna og safnanna  
sem haldinn var í Menningarhúsinu Miðgarði í Skagafirði  
dagana 5. – 7. október 2011

---

Desember 2011

Guðbrandur Benediktsson og Sigríður Sigurðardóttir

## Efnisyfirlit

Inngangur	3
<i>Niðurstöður hópstarfs á farskóla 2011</i>	
1. Starfsumhverfi safna á Íslandi	4
2. Söfnun og varðveisla	6
3. Sýningar og miðlun	8
4. Safnfræðsla	10
5. Rannsóknir	12
6. Rekstur safna, úthlutun fjár	14



Farskólanemar á Sauðarkróki  
– ljósmynd Hörður Geirsson

## Inngangur

Farskóli Félags Íslenskra safna og safnmanna var haldinn í Menningarhúsinu Miðgarði í Skagafirði dagana 5. – 7. október 2011 og var þetta 23. farskóli á vegum félagsins. Farskólinn er haldinn árlega og er mikilvæg landsráðstefna allra íslenskra safnmanna, þar sem fagfólk af lista-, menningarminja og náttúruminjasöfnum kemur saman til að hlýða á fyrirlestra og kynningar, fara í vettvangsheimsóknir og ræða um ýmis mál er snerta safnastarf.

Þátttakendur í farskólanum þetta árið voru rétt um 100 talsins og telst það góð mæting (sjá hópmynd aftast í skýrslu). Skólustjóri var Sigríður Sigurðardóttir safnstjóri Byggðasafns Skagfirðinga, en auk hennar sátu í farskólanefnd Guðbrandur Benediktsson frá Minjasafni Reykjavíkur, Guðný Zoëga frá Byggðasafni Skagfirðinga og Kristín Sóley Björnsdóttir frá Minjasafninu á Akureyri, en Haraldur Þór Egilsson frá sama safni tók sæti hennar á vormánuðum. Sá farskólanefndin um undirbúning ráðstefnunnar og skipulagði dagskrá (sjá dagskrá aftar í skýrslu) og vann að frágangi þessarar skýrslu.

Yfirskrift farskólans í ár var samstarf í víðu samhengi, innan safnageirans sem og við aðila á öðrum vettvangi. Meðal lykilfyrirlesara voru Nanna St. Hermansson, fyrrum borgarminjavörður í Reykjavík, Þórshöfn og í Stokkhólmi. Miðlaði hún af langri reynslu sinni af norrænu safnastarfi og lagði áherslu á samstarf og samstarfsmöguleika. Atle Ove Martinussen frá Hörðalandi hélt erindi þar sem hann miðlaði af reynslu sinni við sameiningu safna í Noregi. Þá fjölluðu Sigríður Sigurðardóttir og Guðný Zoëga um mikla reynslu Byggðasafns Skagfirðinga af samstarfi í héraði.

## Hópastarf – stöðumat og markmið fyrir komandi ár

Eitt af markmiðum farskólans þetta árið, var að meta stöðuna í nokkrum málaflokkum á sviði safnastarfs og ræða markmið fyrir komandi ár. Með það fyrir augum var þátttakendum farskólans skipt upp í 6 hópa, sem hver hafði sitt efni til umræðu. Yfir hverjum hópi höfðu verið skipaðir hópstjórar, einstaklingar með mikla þekkingu á viðkomandi málaflokki. Hópstjórum var uppálagt að leiða umræðuna og sjá til þess að niðurstöðum væri komið skilmerkilega á framfæri í sameiginlegri kynningu á síðasta degi farskólans. Til hliðsjónar átti að hafa ýmis gögn, svo sem farskólaskýrslu frá árinu 2005, ný lög og frumvörp á sviði safnastarfs, sem og stefnumótun á þessu sviði – að ógleymdri yfirskrift farskólans þetta árið, sem var samstarf. Unnu hópstjórar verk sitt með sóma.

Farskólustjórn hafði sett sér það takmark, að vinna skýrslu svipaða þeirri og unnin var í kjölfar hópastarfs á farskólanum 2005, sem fram fór á Siglufirði og hefur reynst safnamönnum um margt gagnlegt plagg. Þótti vel við hæfi að líta til sömu efnispátta og þá voru til umræðu og meta stöðuna nú, 6 árum síðar – og horfa jafnframt til framtíðar. Með það fyrir augum var hópaskiptingin eftirfarandi:

1. Uppbygging safnaumhverfis
2. Söfnun, varðveisla
3. Miðlun
4. Safnfræðsla
5. Rannsóknir
6. Rekstur safna, úthlutun fjár

Sú samantekt sem hér fylgir, er afrakstur þeirrar umræðu sem fór fram í hópunum:



Safnaráð og Nordisk Kulturfond  
styrktu Farskólann



# 1. Starfsumhverfi safna á Íslandi

**Þátttakendur:** María Karen Sigurðardóttir (Ljósmyndasafni Reykjavíkur), Michelle Lynn Mielnik (Minjasafni Austurlands), Sigurbjörg Ásgeirsdóttir (Minjasafni Egils á Hnjóti), Guðrún Jónsdóttir (Safnahúsi Borgarfjarðar), Hermann Bárðarson (Hvalasafninu Húsavík), Íris Guðbjargardóttir (Víkinni sjóminjasafn), Hanna Rósa Sveinsdóttir (Minjasafninu á Akureyri), Guðbrandur Benediktsson (Minjasafni Reykjavíkur).

**Hópstjórar:** Sigrún Ásta Jónsdóttir (Byggðasafni Reykjanesbæjar) og Margrét Hallgrímsdóttir (Þjóðminjasafni Íslands).

---

## **A) Inngangur**

Umræðurnar fjölluðu fyrst og fremst um ný safnalög og hvernig þau koma til með að hafa áhrif á starfsumhverfi safna. Spurt var hvernig á að skilja hið nýja safnastig: *ábyrgðarsafn*? Hvert á hlutverk þess að vera og hver verða hlutverk höfuðsafna?

Rætt var um möguleika á sameiningu safna og hvað fælist í þeirri hugsun. Vitum við nógu mikið um starfsumhverfi safna í dag til að geta áttað okkur á hvaða leiðir eru raunhæfar og farsældar fyrir okkar stofnanir? Við vorum sammála um að sameining væri ferli sem væri bæði flókið og erfitt en mögulega óumflýjanlegt ef söfnin eiga að geta uppfyllt hlutverk sín og faglegar kröfur. En hvernig á að forgangsraða? Hver eiga fyrstu skrefin að vera?

Menn verða að spyrja sig: hvað er best fyrir mitt safn, í dag og eftir 20 ár? Í þeirri umræðu er mikilvægt að ekki bara að spurt um fjárhagslegan ávinning. Hve mikilvæg eru söfn samfélögum sínum, nærumhverfi sínu? Hlutverk þeirra og vægi er ekki endilega alltaf sýnilegt en söfn þurfa ákveðinn grundvöll til að geta blómstrað til að verða raunverulegar stoðir menningarlífs á hverjum stað.

### *Ávinningurinn að sameiningu*

Meiri fagleg geta, meiri breidd í menntun og reynslu starfsmanna eykur víðsýni og möguleika á að safnið geti sinnt þeim mjög ólíku verkefnum sem felast í starfsemi safna. Fleiri tækifæri til sérhæfingar og auknir möguleikar að takast á við sérhæfðari verkefni. Eins og margvísleg samstarfsverkefni.

Betri nýting fjármuna, faglegur stuðningur og minni líkur á faglegri og félagslegri einangrun. Fjölbreyttari og sterkari og samkeppnishæfari vinnustaðir.

### *Gallar við sameiningu*

Safn gæti misst tengslin við nærumhverfi sitt og reyndin gæti orðið sú að ekki yrðu settir nægir fjármunir í hið sameinaða safn. Sameiningarferlið má ekki verða ‚hostile-take-over‘ þannig að annar aðilinn gleypi hinn.

Sameining getur ekki orðið nema með miklum og góðum samstarfsvilja ólíkra aðila. Hætta er á að safn lendi í hrepparíg, togstreitu, milli ýmissa aðila. Ekki er víst að aðstandendur safna þ.e. heimamenn, sveitastjórnir hafi þann áhuga sem þar sem þarf til að tryggja farsæla niðurstöðu né að safnaráð, menntamálaráðuneyti, höfuðsöfnin, Físos, Icom, og fleiri sem að söfnunum standa hafi pólitíska styrk til þess. Söfnum geti hæglega verið fórnað fyrir aðra jafnvel óskylda hagsmuni. Meðal safnmanna virðist ríkja ótti og tortryggni gagnvart sameiningarhugmyndum jafnvel þótt flestir geri sér grein fyrir að smástofnanir, eins og flest okkar söfn eru í dag, og hafa litla burði til að vaxa og þróast.

## **B) Hver er staðan í málaflokknum?**

- Ný safnalög hafa litið dagsins ljós (en taka gildi 1. janúar 2013).
- Ný safnastefna á sviði Þjóðminjavörslunnar hefur verið gefin út. En hvorki Listasafn Íslands né Náttúruminjasafn Íslands hafa gefið út slíka stefnu.
- Breytingar hafa orðið eða eru að minnsta kosti, boðaðar í meðhöndlun fjárlaganefndar á úthlutun fjár beint frá nefndinni.
- Áhyggjur hafa vaknað vegna þess að Safnasjóður hefur ekki stækkað en okkur hafði skilist um að hluti af þeim fjármunum sem fóru beint frá fjárlaganefnd ættu núna að fara í gegnum safnasjóð.

- Öll eða flest söfn eru í margvíslegu samstarfi. Bæði á héraðsvísu og á landsvísu, við sveitarfélög, stofnanir, fyrirtæki og einstaklinga.
- Lítið er um beinar sameiningar.
- Engin vinna hefur verið unnin í formi leiðbeininga um slíkt ferli.
- Stórt og mikið sameiningarferli hefur farið fram a.m.k. í Noregi og Danmörku.

### **C) Hvert stefnum við – markmið og leiðir?**

*Kortleggja þarf stöðu mála.* Stofna þarf vinnuhóp sem tilnefnt yrði í frá Físos, Safnaráði og sveitarfélögum. Einn sé starfsmaður hópsins til að tryggja skilvirka vinnu. Hópurinn ætti að vera sjálfstæður, gögn hans skilgreind sem trúnaðargögn (gagnvart t.d. úthlutunarnefnd Safnasjóðs) til að ná fram sem réttastri mynd af stöðunni.

Senda þarf spurningalista á alla sem hafa þegið rekstrarstyrki úr safnasjóði þar sem könnuð er raunveruleg staða hvers aðila. Heimsækja ákveðna aðila og halda fræðslufundi um tilgang vinnuhópsins. Mikilvægt er að tala við fleiri aðila en söfnin til að fá fram sem heildstæðasta mynd af stöðu mála. Unnin verði greinargerð út frá þessum gögnum og umsóknargögnum frá Safaráði til að móta stefnu um sameiningarmál safna.

*Teikna þarf upp ferlið og útbúa leiðbeiningaplagg.*

Sameining getur verið með margvíslegum hætti, mikilvægt er að skrifa upp nokkur módel af sameiningarmöguleikum og hvað felist í hverjum þeirra, þannig að aðilar geti tekið upplýsta ákvörðun um hvert stefna beri.

- Möguleiki þarf að vera fyrir hendi fyrir söfn að fara/fara ekki inn í formlega sameiningu.
- Byggja verður sameiningarferli upp á formlegan hátt, þannig að lykilatriði séu skrifleg þegar í upphafi. Hvað skiptir máli í upphafi og hvernig ber að vinna að hverjum þærri.
- Mikilvægt að áfangaskipta ferlinu innan ákveðinna tímaramma. Skýrt sé tekið hvernig og hvenær aðilar geta hætt við og hvenær sameiningarferlinu sé formlega lokið.
- Endurmeta árangur eftir hvern áfanga.
- Byggja þarf upp handleiðslu fyrir söfn í þessu ferli þar sem aðilar hafi aðgang að fólki með fagmenntun á sviði samningatækni, breytingarferlum eða vinnusálfræði.
- Mikilvægur er að hugtök séu vel skilgreind og að rætt sé saman af heilindum.

*Efla þarf umræðu um þessi mál meðal safnamanna.*

Safnmenn verða að horfa upp úr daglegu amstri og peningaáhyggjum og taka þessa umræðu. Hvernig byggjum við upp sjálfbærar stofnanir, hvernig þróum við stofnanir okkar, hvernig tryggjum við að þær verði samkeppnishæfar t.d. um hæft starfsfólk, hvernig lögum við okkur að breyttum áherslum og tækni? Hvað gerum við til að efla samfélagslegt hlutverk safna og hvernig getum við haldið uppi og þróað faglega vinnubrögð?

Þetta þarf að ræða á hverju safni fyrir sig en einnig meðal safnamanna innan landsvæða og fagþátta. Hér ættu Físos, höfuðsöfn, safnarád eða ráðuneyti að hafa forystu.

*Góðir hlutir gerast hægt*

Mikilvægt er að sameiningarferli safna sé skilgreint sem langtímaverkefni en ekki liður í að bregðast við bágrí fjárhagstöðu dagsins í dag.

## 2. Söfnun og varðveisla

**Þátttakendur:** Arndís Þorvaldsdóttir (Héraðsskjalsafni Austfirðinga), Snorri Guðjón Sigurðsson (Menningarmiðstöð Þingeyinga), Nathalie Jacqueminet (Þjóðminjasafni Íslands), Dagný Heiðdal (Listasafni Íslands), Kristján B. Ólafsson (Minjasafni Reykjavíkur), Kristín Einarsdóttir (Lyfjafræðisafni), Frosti Jóhannsson (Restrarfélaginu Sarpi), Þorvaldur Böðvarsson (Þjóðminjasafni Íslands), Hörður Geirsson (Minjasafninu á Akureyri), Signý Jónsdóttir (Byggðasafninu Hvoli), Halldóra Ásgeirsdóttir (forvörður hjá Matrix), Ragnheiður Jósúadóttir (Þjóðminjasafni Íslands), Sigríður Kristín Birnudóttir (Ljósmyndasafni Reykjavíkur), Jóhann Jónsson (Félagi iðn- og trækningreina).

**Hópstjórar:** Gerður Róbertsdóttir (Minjasafni Reykjavíkur) og Lýður Pálsson (Byggðasafni Árnesinga).

---

### **A) Inngangur**

Hópurinn ræddi mest um stöðu varðveislu á söfnunum. Aðstæður reyndust misjafnar enda fulltrúar ólíkra safna og stofnana í hópnum. Alvarlegast virðist hvernig takmarkað geymslurými hefur áhrif á söfnun. Fá söfn geta tekið við stórum gripum í dag. Stærri geymslur eru nauðsyn en einnig betur búnar geymslur með raka- og hitastýringu fyrir viðkvæmari muni. Samstarf milli safna var talið mikilvægt, sérstaklega í söfnun. Hópurinn náði ekki að ræða um öryggismál sem er þó afar brýnt og þyrfti að taka upp síðar. Lítil tími gafst til umræðna um samtímasöfnun og verkaskiptingu. *Hópstjórar leggja til að á næsta farskóla verði innra starfi safna gefinn meiri gaurur.*

### **B) Hver er staðan í málaflokknum?**

- Geymslur eru í mjög mismunandi ástandi og flestar yfirfullar. Skortur er á fjármagni til endurbóta og stækkunar. Tvær skýrslur hafa verið gerðar á vegum ríkisins annars vegar og Reykjavíkurborgar hins vegar um sameiginlegar geymslur. Ekkert hefur verið framkvæmt í þessum efnunum og skýrslurnar liggja í skúffum.
- Unnið er að skráningu og skönnun ljósmynda. Sarpur 3.0 er að komast í notkun og verður framfaraskref.
- Skortur er á starfandi forvörðum á söfnum og fjármagni til forvörslu. Handbók um varðveislu gripa er tilbúin að hluta.
- Söfnunarstefna er góð. Hins vegar skortir flest minjasöfnin raunverulega yfirsýn yfir safnkostinn og því oft örðugt að fylgja söfnunarstefnunni eftir. Við vitum ekki hvað við eigum, við vitum ekki hvað aðrir eiga og því er erfitt að velja og hafna.
- Samtímasöfnun er umfangsmikið, hverju á að safna, hverju má farga? Samvinna er æskileg. Góð reynsla er af samstarfi um sjóminjar og tækniminjahópur er í startholunum.

### **C) Hvert stefnum við – markmið og leiðir?**

Bætt varðveisla.

- Staðlar fyrir geymslur
- Þarfagreining á geymslupörf og vinnulagi varðandi geymslur
- Sérstakt, sérmerkt fjármagn fyrir geymslur, bæði byggingar og útbúnað
- Tillögur um sameiginlegar geymslur þar sem það hentar
  - Til dæmis fyrir stóra gripi eins og samgöngutæki og húsparta
  - Fjargeymslur fyrir safnkost sem er lítið hreyfður
- Stafræn gögn, sérþarfir sem þarf að huga að sérstaklega:
  - Vantar staðla eða leiðbeiningar fyrir söfnin um varðveislu og öryggi gagna
  - Athuga samvinnu við Þjóðskjalasafn Íslands en það er í fararbroddi á þessu sviði
- Aukin forvarsla
  - Handbók er í vinnslu. Er mjög umfangsmikið verkefni, því væri æskilegt að fá fleiri söfn til samvinnu svo unnt sé að klára verkefnið.

- Fleiri starfandi forverði á söfnin, fleiri stöður.
- Fyrirbyggjandi forvarsla, þekking safnmanna aukini til dæmis með fleiri og tíðari endurmenntunarnámskeiðum og umræðu um varðveislu á farskóla.
- Söfnunarstefna
  - Söfnunarstefna á heimasíðum safnanna
  - Samstarf milli safna aukið
  - Móttaka gripa, verklagsreglur varðandi val gripa
  - Vinnuhópur á landsvísu um söfnunarstefnu
- Skráning
  - Sarpur 3
  - Eitt sameiginlegt skráningarkerfi fyrir öll söfn
  - Mikilvægt að allur safnkostur sé í sama gagnagrunni
    - Skráningarátak
    - Auka þekkingu skrásetjara
      - Árleg námskeið um skráningu í Sarp í héraði
      - Leiðbeiningar / verklagsreglur
    - Er hægt að sameinast um skráningu?
    - Nauðsynlegt að skapa festu í skráningu
    - Ljósmyndir með öllum gripum
    - Ljósmyndanámskeið og leiðbeiningar
      - Leiðbeiningar um merkingu safngripa
        - Og á sem flestum sviðum safnastarfsins
        - Nýta FÍSOS vefinn og Sarp
- Aukin verkaskipting og leiðir til samvinnu
  - Aukin samvinna safnanna svæðisbundið og á landsvísu til dæmis með því að auka vinnuskipti milli safna
- Samtímasöfnun
  - Aukin samvinna safna
  - Aukin samvinna við fræðimenn
  - Aukin samvinna fjölmiðla (fagleg söfnun samtímaheimilda)
  - Aukin samvinna við aðrar stofnanir

*Nauðsynlegt er að huga betur að grunnatriðum safnastarfs, söfnun, skráningu og varðveislu og tryggja eðlilegt jafnvægi milli innra starfs og miðlunar.*

### 3. Sýningar og miðlun

**Þátttakendur:** Anna Einarsdóttir (Þjóðminjasafni Íslands), Anna Lísía Björnsdóttir (Safna-handbókin, Útgáfufél. Guðrún), Brynhildur Heiðu- og Ómarsdóttir (Gljúfrasteini), Eggert Þór Bernharðsson (Félagsvísindadeild Háskóla Íslands), Freyja H. Ómarsdóttir (Þjóðminjasafni Íslands), Guðrún Jóhannsdóttir (Þjóðminjasafni Íslands), Helga Maureen Gylfadóttir (Minjasafni Reykjavíkur), Helga Vollertsen (Þjóðminjasafni Íslands), Helgi Torfason (Náttúruminjasafni Íslands), Ingibjörg Áskelsdóttir (Víkinni-Sjóminjasafni), Íris Ólöf Sigurjónsdóttir (Byggðasafninu Hvoli), Linda Ásdísardóttir (Byggðasafni Árnesinga), Margrét Lilja Magnúsdóttir (Sæheimum, Vestamannaeyjum), Sigríður Bachmann (Byggðasafni Húnv. og Strandamanna), Sigríður Melrós Ólafsdóttir (Listasafni Íslands), Sigrún Dungal (Minjasafni Reykjavíkur), Skúli Sæland (menningarmiðlun ehf.), Valgerður Ólafsdóttir (Þjóðminjasafni Íslands), Þorbjörg Br. Gunnarsdóttir (Þjóðminjasafni Íslands).

**Hópstjórar:** Bryndís Sverrisdóttir (Þjóðminjasafni Íslands) og Sigrún Kristjánsdóttir (Menningarmiðstöð Þingeyinga).

---

#### **A) Inngangur**

Hópstjórar skoðuðu stöðuna 2005 eins og hún birtist í skýrslu farskólanefndar það ár og báðu þátttakendur að hafa hana til hliðsjónar við stöðumat fyrir árið 2011. Þar var m.a. talað um að söfn væru einsleit og sögusýnin of hefðbundin, að samtíminn væri lítið til umfjöllunar og að hvorki lista- né minjasöfn hefðu kannað hvað gestir vildu sjá. Talin var hætta á að söfnin gleymdu safngripunum í hönnun sýninga og einbeittu sér um of að myndum, texta og margmiðlun. Einnig var fólk uggandi um sjálfstæði safna ef utanaðkomandi, t.d. gefendur gripa og þrýstihópar, fengju að hafa of mikil áhrif á sýningastefnuna.

Markmið þau sem safnmenn settu sér 2005 voru m.a. að stefna að sérhæfðari söfnum, auka samvinnu og farandsýningagerð. Að sýningar yrðu djarfari og samráð yrði haft við safngesti eða rýnihópa. Gera ætti sýningar fyrir hópa með mismunandi þarfir, tryggja fjölbreytni í framsetningu, hafa gæði í fyrirrúmi og hafa sýningar ekki of einsleitar.

Hópstjórar lögðu fjórar spurningar fyrir hópinn sem umræðugrundvöll fyrir stöðumat 2011:

- Hvernig er miðlun í sýningum háttað?  
(sérhæfing, gripa- eða sögumiðaðar sýningar, margmiðlun, útgáfa, vefsíða, annað)
- Hafa sögusýn og efnistöð breyst?  
(hefðbundnar/djarfar, einsleitar/fjölbreyttar, fjalla þær um fortíð/samtíð, túlka þær yfirlits-sögu/einsaga, eru þær yfirlitssýningar, eru flokkar gripa aðskildir (náttúra, listir, minjar)
- Hefur samvinna við gesti, rýnihópa, stofnanir og hópa utan safna aukist?  
(gestakannanir, hópar með sérþarfir, aðgengi)
- Hefur samvinna í sýningargerð aukist eða minnkað?  
(samstarf við sýningargerð, láns- og farandsýningar, lán á verkum eða gripum, starfsmannasamskipti)

#### **B) Hver er staðan í málaflokknum?**

- Miðlun er fjölbreyttari og sýningar, útgáfa, vefsíður og fleiri miðlunarleiðir eru samnýttar.
- Samstarf milli safna hefur aukist, og ekki síst í miðlun.
- Söfn starfa meira með ferðaþjónustunni og taka þátt í viðburðum.
- Sérhæfing hefur aukist í minjasöfnum.
- Sérhæfing er lítil á listasöfnum – sýningastefna og innkaupsstefna eru t.d. svipaðar hjá stóru söfnum.
- Áhugi á fastasýningum í listasöfnum hefur aukist eftir kreppu.
- Merki eru um að blandað sé saman hefðbundnum efnisflokkum í auknum mæli í sýningum.
- Farandsýningar eru í boði á nokkrum söfnum.
- Samtíminn hefur verið til umfjöllunar í auknum mæli.
- Samstarf hefur aukist við aðila utan safnanna, m.a. einkaaðila og listamenn.



- Leitað hefur verið til rýnihópa og gesta við sýningagerð, þó enn í litlum mæli.
- Söfnin eru enn frekar íhaldssöm hvað varðar framsetningu. Listasöfnin djarfari en hin.
- Sameiginleg gestakönnun hefur verið framkvæmd nokkrum sinnum á landsvísu.
- Sveitastjórnir og ferðaþjónusta vita ekki nóg um hlutverk safna.

### **C) Að hverju skal stefna – markmið og leiðir?**

*Að auka enn fremur samstarf milli safna um sýningagerð.*

- söfn víða um land gætu t.d. gert sumarsýningar um sama þema, hvert á sinn hátt.
- söfn gætu breytt sýningum sínum í farandsýningar að sýningartíma loknum.
- söfn í ólíkum geirum gætu hafið samstarf „yfir landamærin“.

*Að söfnin verði djarfari!*

- söfn taki afstöðu en séu ekki alltaf hlutlaus.
- söfn leiti til utanaðkomandi aðila um gerð sýninga, sem þá verði höfundarverk á ábyrgð viðkomandi. Slíkt fyrirkomulag þyrfti að vera augljóst og vel kynnt.
- söfn fjalli um málefni sem brenna á samtímanum.

*Að nýta betur krafta sjálfboðaliða og vinafélög safnanna.*

- fá þá í samstarf við gerð sýninga.
- fá þá í samstarf þegar viðburðir eru í söfnunum.

*Að auka samstarf og samráð við ferðaþjónustuna.*

- halda fundi reglulega um óskir og væntingar ferðaþjónustuaðila til safna.
- efla sameiginlega kynningu safna, m.a. til hagræðis fyrir ferðaþjónustuna.
- kynna ferðaþjónustu og sveitastjórnnum starfsemi safna og hlutverk.

*Að söfnin stofni lén og setji upp VIRKA heimasíðu til að miðla upplýsingum.*

- síðan væri á vegum FÍSOS og starfsmaður félagsins sæi um að uppfæra hana
- söfn gætu greitt ákveðið gjald eftir stærð til að fjármagna síðuna.

*Að fá fjölmiðla til að birta dóma um allar stærri sýningar – ekki eingöngu listsýningar.*

- safnmenn beiti áhrifum sínum og ræði við fjölmiðlafólk um mikilvægi þessa, því sennilega er um hefð að ræða en ekki markvissa mismunun.

*Nota afmælisár Þjóðminjasafns eða Náttúruminjasafns til að vekja athygli á starfsemi safna.*

- með viðtölum í fjölmiðlum.
- með sameiginlegri útgáfu.
- með málþingum eða ráðstefnum.

*Að nefndir starfi milli farskóla til að halda markmiðum lifandi.*

- einn hópstjóri og einn þátttakandi úr hverjum hóp sitji í nefndinni og sá síðarnefndi verði hópstjóri á næsta farskóla.

## **4. Safnfræðsla**

**Þátttakendur:** Berghildur Fanney Hauksdóttir (Minjasafnið á Bustarfelli), Guðlaug María Lewis (Listasafni Reykjanesbæjar), Helga Einarsdóttir (Þjóðminjasafni Íslands), Helga Hallbergsdóttir (Byggðasafninu í Vestmannaeyjum), Hildur Arna Gunnarsdóttir (Grasagarði Reykjavíkur), Hólmfríður Erlingsdóttir (Laufási við Eyjafjörð), Hólmfríður Halldórsdóttir (Skjálftasetur, Kópaskeri), Sif Jóhannesdóttir (Menningarmiðstöð Þingeyinga), Sigurlaugur Ingólfsson (Minjasafni Reykjavíkur), Steinunn Guðmundardóttir (Þjóðminjasafni Íslands), Þór Sigurðsson (Minjasafninu á Akureyri), Þóra Sigurbjörnsdóttir (Hönnunarsafni Íslands) og Þröstur Sverrisson (Gljúfrasteini).

**Hópstjórar:** AlmaDís Kristinsdóttir (Listasafni Reykjavíkur) og Sigurjón B. Hafsteinsson (dósent í safnafræði við Háskóla Íslands)

---

### **A) Inngangur**

Lagt var upp með það markmið að ræða safnfræðslu í víðum skilningi til að vekja þátttakendur bæði til umræðu og umhugsunar um víðtækt menntunarhlutverk safna í ljósi samstarfs. Í hugtakinu safnfræðsla (museum education) felst ákveðið samstarf þarf sem safnfræðsla tengir gjarnan saman tvö ólík kerfi – safnaheiminn og skólakerfið. Það vakti athygli að flestir í hópnum voru í hlutastarfi á bilinu 40–80%. Tveir í 15 manna hópi sinna safnfræðslu í 100% starfi. Þessi staðreynd er nokkuð sláandi og ljóst að það getur reynst snúið að þróa starfið faglega á þessum forsendum. Engu að síður er afar mikilvægt að starfsfólk, safna sem sinnir safnfræðslu hvort sem það er í fullu starfi eða hlutastarfi, fái svigrúm og rými til að þróa starfið hugmyndafræðilega. Lykilatriði er að setja fram stefnu. Hvaða fræðslumarkmiðum ætlar safnið sér að ná og hvernig.

Fram kom að mikil eftirspurn væri eftir fræðslu, stundum meiri en hægt væri að sinna. Ekki er óalgengt að söfn reyni að höfða til ákveðins skólastigs og búa sér til markhópa og yfirleitt er brugðist við eftirspurn og þörfum sem geta verið margskonar. Samskipti við kennara voru rædd og undirstrikuðu allir að mikilvægt væri að ná til kennara í upphafi skólaárs. Í framhaldi af þessu komu fram ýmsir hnökror á slíku samstarfi. Safnheimsóknir eru algengar á vorin. Ýmsar aðferðir voru ræddar og bent á mikilvægi þess að finna tengingar við námskrár í safnastarfinu.

### **B) Hver er staðan í málaflokknum?**

Árið 2005 var safnfræðsluhópurinn fámennur eða 5 manns. Það má því segja að málaflokkurinn sé að eflast. Svipaðir hlutir voru ræddir er tengjast safnfræðslu árið 2005 og einkennandi „vandamál“ hversu ólíkar aðstæður eru á hverju safni fyrir sig. Söfn á Íslandi eru misþróuð á sviði safnfræðslu sem gerir umræðugrundvöllinn fremur óstöðugan. Þetta stendur til bóta með auknu námsframboði á sviði safnafræða Háskóla Íslands. Í þessari umræðu kom skýrt fram að safnfræðslan var allt frá því að vera ómarkviss og tilviljanakennd yfir í háþróað og fastmótað framboð fyrir ákveðna skólaklassa. Hættan við hvoru tveggja er lítil framþróun. Ef starfsemin er of fastmótað á hún á hættu að staðna og takmarkast jafnvel við ákveðna hóp. Ef starfsemin er ómarkviss er sífellt verið að bregðast við ólíkum þörfum og jafnvel með stuttum fyrirvara. Fagleg umræða og framþróun á þessu sviðið hefur aukist sérstaklega með tilkomu námskeiða á háskólastigi er fjalla sérstaklega um safnfræðslu.

Það heftir þróun fræðsluleiða að starfsmenn í safnfræðslu eru í hlutastarfi. Stofnun formlegs faghóps um safnfræðslu sem rædd var 2005 hefur ekki verið fylgt en í staðinn hefur verið „drop-box“ þar sem hægt er að skiptast á verkefnum og hugmyndum.

Fræðsla kemur of seint inn í sýningagerð líkt og ályktað var 2005. Fagþekking hefur aukist en stefnumótun á sviði fræðslu er enn ábótavant og safnfræðslufólk hefur ekki næg tækifæri til að breyta og móta starfið innan hver safns. Námskrá safna er ekki til og námskrár eru sífellt að breytast, því er nauðsynlegt fyrir safnafólk að vera í góðu samstarfi við fagmenn á því sviði.

### C) Hvert stefnum við – markmið og leiðir?

- **Vinna námskrá safnfræðslu**
  - Sameiginleg fræðslumarkmið safna í landinu
  - Leiðbeiningar fyrir safnkennara
  - Hugmyndir að verkefnum og nálgunum
  - Stofna til samráðs við kennara og kanna hvaða leiðir henta skólasamfélaginu
- **Vinna fræðsluefni fyrir almenna safngesti**
  - Símenntun mikilvæg og fullorðinsfræðsla – þróa leiðir með þetta í huga
  - Kynna sér fræðin, kennslumódel og aðferðir á námskeiðum
  - Prufa og þróa verkefni
  - Hafa áhrif á veggtexta og texta í söfnum yfirleitt með fræðslu „gleraugum“ þannig að upplýsingar séu aðgengilegar öllum
- **Aukið samstarf safnkennara og áhugasamra um fræðslumál safna**
  - koma í veg fyrir einangrun einyrkja í safnastarfi
  - sameiginlegur gagnagrunnur – hugmyndabanki
  - þiggja aðstoð frá nemum í safnafræði í 9 vikna starfsnámi
  - skipuleggja verkefni og gera ramma sem þróar starfið áfram með sjálfbóðaliðum eða nemum, ef þeir fást
- **Gera safngesti og kennara sjálfbærari í safninu v/mannekle**
  - fræðsla fyrir leikskólahópa - bakpokar með verkefnum
  - fræðsla fyrir leiðsögumenn
  - virkja sjálfbóðaliða - jafningjafræðsla, eldri borgarar
  - virkja foreldra og foreldrafélög til að taka þátt í heimsóknum grunnskólabarna
  - nýta kennaraþing og/eða starfsdaga kennara til að koma upplýsingum um starfsemi safna á framfæri
- **Auka áhuga stjórnenda á fræðslumálum safna**

Áhugaleysi stjórnenda er nefnd sem hindrun 2005 og svo er enn og lýsir sér í að:

  - of fáir sinna safnfræðslumálum
  - of lítið fé er sett í þennan þátt starfseminnar

Markmið sem sett var fram árið 2005 að „**söfn verði vettvangur þar sem fræðsla er notuð til að auka víðsýni og dýpka þekkingu í gegnum áhugaverða upplifun**“ stendur enn.

- Auka fagþekkingu og starfsfólk líkt og mælt var með 2005
- Auka rannsóknir í safnfræðslu taka mið af fræðslu í gestakönnunum
- Auka virkni allra starfsmanna í fræðslu og vinna safnfræðslu samhliða sýningargerð (stendur frá 2005)
- Efla áhuga safnmanna á mikilvægi fræðslustarfs (stendur frá 2005)

*Auðvelda þarf skólum aðgang að söfnum t.d. í gegn um ferðastyrki eða með öðrum stuðningi. Grunnskólanemar eru safngestir framtíðarinnar.*

## 5. Rannsóknir

**Þátttakendur:** Anna Lía Guðmundsdóttir (Minjasafni Reykjavíkur), Beata Fabian (Minjasafni Austurlands), Bryndís Zoëga (Byggðasafni Skagfirðinga), Guðmundur Ólafsson (Þjóðminjasafni Íslands), Guðný Dóra Gestsdóttir (Gljúfrasteini), Guðrún Harðardóttir (Þjóðminjasafni Íslands), Margrét Hallmundsdóttir (Náttúrustofu Vestfjarða), Nanna Hermannsson (gestafyrirlesari frá Svíþjóð), Þór Hjaltalín (Fornleifavernd ríkisins) og Bjarni Guðmundsson (Landbúnaðarsafni Íslands).

**Hópstjórar:** Anna Lía Rúnarsdóttir (Þjóðminjasafni Íslands) og Guðný Zoëga (Byggðasafni Skagfirðinga).

---

### **A) Inngangur**

Rannsóknir eru ein af undirstöðum faglegs starfs á söfnum, eins og fram kemur í skýrslu Farskóla safnmanna frá 2005. Hópurinn sem ræddi rannsóknir á farskóla 2011 var sammála um þetta. Flestir töldu að rannsóknir á söfnum væru fjölbreyttar, bæði litlar og stórar, einmannsverkefni sem og samstarfsverkefni, bæði innan stofnunar og utan. Styrkir spila stór hlutverk í rannsóknarvirkni. Umræður hópsins lituðust af fjölda fornleifafræðinga sem tóku þátt. Hópurinn var að því leyti ekki þversnið af þeirri starfsemi sem fer fram á söfnum almennt. Spyrja má hvort þetta sé vísbending um meiri grósku í fornleifarannsóknunum en öðrum rannsóknunum á söfnum. Hópurinn fór yfir þau markmið sem sett voru fram í skýrslunni frá 2005 og mat stöðuna í þessum málaflokki út frá þeim.

Umræður í hópnum byggðu á þeirri skilgreiningu á rannsóknunum sem lögð var fram í skýrslu Farskóla safnmanna frá 2006. Áherslan var því fremur á hvernig auka megi hlut rannsókna, sérstaklega fræðilegra rannsókna á söfnum. Reynt var að hafa markmiðin eins raunhæf og kostur var.

### *Hvað eru rannsóknir?*

Hlutverk rannsókna almennt er að efla þekkingu á afmörkuðu sviði. Rannsóknir á söfnum falla í nokkra flokka, s.s. rannsóknir á munum, þjóðháttum, fornleifum, umhverfi, lífríki, list, húsum, handverki og ljósmyndum. Rannsóknir má skilgreina á tvo vegu, fræðilegar (frum-) rannsóknir og hagnýtar rannsóknir. Fræðileg rannsókn felst í því að setja fram spurningu (markmið), fara eftir ákveðinni aðferðafræði við öflun gagna (upplýsinga), síðan fer fram úrvinnsla/greining á gögnunum áður en niðurstöður eru settar fram í formi texta og/eða sýningar. Hagnýt rannsókn felst fremur í gagna/upplýsingaöflun, samantekt upplýsinga, annað hvort til miðlunar eða til að vista í gagnagrunni og er þar með aðgengileg til frekari úrvinnslu og rannsókna.

### Fræðileg rannsókn– skilgreining

- Spurning/verkefni/markmið er alltaf upphaf rannsóknarinnar en tildrög rannsóknarinnar geta verið ólík eftir því hvort um er að ræða rannsókn fyrir sýningu, fornleifauppgröft, rannsókn á safnkostinum eða öðru. Þótt lagt sé af stað með ákveðna rannsóknarspurningu er eðlilegt að hún leiði til annarra spurninga og að verkefnið þróist eftir því sem líður á rannsóknina.
- Gagnaöflun/upplýsingaöflun. Mikilvægt er að gera greinarmun á upplýsingaöflun og rannsókn. Upplýsingaöflun er einn hluti rannsóknarferilsins.
- Úrvinnsla/greining.
- Aðferðir byggðar á akademískum vinnubrögðum.
- Miðlun: sýning og/eða skrifleg niðurstaða: varanleg og gagnsæ. Rannsókn lýkur alltaf með skriflegri niðurstöðu þar sem áhersla er lögð á að lýsa öllu vinnuferlinu á gegnsæan og varanlegan hátt t.d. í skýrslu eða grein í sýningarskrá, héraðsriti eða fræðiriti. Mikilvægt er að hafa í huga að sýningar eru aðal miðlunartæki safna og allar rannsóknir starfsmanna safna ættu að enda með sýningu.

## B) Hver er staðan í málaflokknum?

Hópurinn fór yfir þau markmið sem sett voru í hópnum sem ræddi um rannsóknir og söfn árið 2005. Í fremra dálki meðfylgjandi töflu eru tekin fyrir, í númeraðri röð, þau markmið sem finna má í skýrslu farskóla frá 2005. Í seinni dálkinum er í stuttu máli greint frá mati hópsins á hvernig ræst hafi úr þessum markmiðum.

### Markmið 2005.

1. Rannsóknir verði sýnilegri.
2. Rannsóknir verði fjölbreyttari.
3. Vægi rannsókna aukið í starfi safnamanna.
4. Smærri söfn innan sveitarfélaga verði sameinuð.
5. Rannsóknarhæfni safnamanna aukin með endurmenntun og möguleikum á rannsóknarfríum.
6. Efla rannsóknir á þeim sviðum sem ekki hefur verið sinnt.
7. Skapa pólitískan skilning.

### Mat á stöðu 2011.

1. Rannsóknir hafa orðið sýnilegri, sérstaklega fornleifarannsóknir.
2. Ekki aukning í fjölbreytni rannsókna
3. Vægi rannsókna í starfi safnamanna hefur ekki aukist.
4. Söfn hafa ekki verið sameinuð
5. Aukning hefur orðið í menntun og hæfni starfsmanna en tími til skilgreindra rannsókna hefur ekki aukist.
6. Ekki mikil aukning í rannsóknum á sviðum sem ekki hefur verið sinnt.
7. Aukinn pólitískur skilningur / menningarráð, vaxtasamningar auknir styrkir – breyting eftir „kreppu“.

## C) Hvert stefnum við – markmið og leiðir?

Samkvæmt tillögum á eyðublaði sem hóparnir fengu við upphaf vinnu hópastarfsins ræddi rannsóknarhópurinn um hvaða markmið þarf að setja til að auka og efla rannsóknir og rannsóknarhæfni safnamanna. Einnig voru settar á blað tillögur að leiðum að þeim markmiðum sem hópurinn taldi nauðsynlegt að setja. Niðurstöður þeirrar umræðu fylgja hér á eftir í hnitmiðuðu formi.

### I Auka rannsóknarhæfni safnamanna

*Leið 1:* Safnmenn fái tækifæri til að vera í námi og vinna þar verkefni sem nýtast safninu.

*Leið 2:* Endurmenntunarnámskeið verði haldið um rannsóknnaðferðir/heimildavinnu í safnastarfi.

### II Auka samstarf um rannsóknir milli safna

*Leið 1:* Meira samtal á milli safna.

*Leið 2:* Mikilvægt er að öll söfn skrái í Sarp til að skapa grundvöll fyrir samstarf um rannsóknir.

*Leið 3:* Að nýta rannsóknarsetur í safnafræðum sem vettvang fyrir samstarfsverkefni.

*Leið 4:* Að nýta safnlistann til að kalla eftir samstarfsaðilum.

*Leið 5:* Skilgreina verkþætti og hlutverk þátttakenda og gera skriflegan samning um samstarf.

### III Auka skilning sveitarfélaga eða stjórna safna á endurmenntun og rannsóknarskyldu safnamanna

*Leið 1:* FÍSOS kynni þennan þátt fyrir sveitarstjórnnum / safnstjórnnum.

*Leið 2:* Söfnum gert mögulegt að sækja um rannsóknarstyrki í Safnasjóð / rannsóknarsjóð.

*Leið 3:* Kynna afrakstur rannsóknarvinnu safnanna fyrir stjórnnum/sveitarstjórnarmönnum/almenningi. Þannig að rannsóknarþættinum sé lyft fram, ekki einungis sýningunni.

### IV Að auka samstarf við fræðasamfélagið

*Leið 1:* Hafa frumkvæði að samstarfi við námsmenn.

*Leið 2:* Kynna safnkostinn og rannsóknarmöguleika í tengslum við hann.

*Leið 3:* Þjóða fram aðstöðu til rannsókna sem og sérfræðiaðstoð starfsfólks.

*Leið 4:* Stunda rannsóknir í samvinnu við háskóla.

## **6. Rekstur safna, úthlutun fjár**

**Þátttakendur:** Anna Guðný Ásgeirsdóttir (Þjóðminjasafni Íslands), Haraldur Þór Egilsson (Minjasafninu á Akureyri), Haukur Bessason (Þjóðminjasafni Íslands), Hjörtur Þorbjörnsson (Grasagarðinum Reykjavík), Jón Allansson (Byggðasafni Akraness), Júlíana Gottskálksdóttir (Listasafni Einars Jónssonar), Ólafur Axelsson (Minjasafni Reykjavíkur), Pétur Sörensson (Safnastofnun Fjarðabyggðar), Sigríður Hjaltadóttir (Byggðasafni Húnv. og Strandamanna), Stefanía Gísladóttir (Skjálftasetrinu) og Valgerður Guðmundsdóttir (Listasafni Reykjanes-bæjar).

**Hópstjórar:** Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir (Lækningaminjasafni Íslands) og Ágústa Kristófersdóttir (Þjóðminjasafni Íslands).

---

### **A) Inngangur**

Rekstarumhverfi safna er afar ólíkt og háð stærð safns, staðsetningu og eignarhaldi. Hluti safna á landsbyggðinni er í eigu sveitarfélaga. Stjórn safns getur haft ólíkar hugmyndir um hlutverk safns og haft mismunandi hagsmuna að gæta. Það getur því verið flókið fyrir safnstjóra að sinna öllum óskum. Sérstaklega þar sem verkefni eru umfangsmikil og fáar hendur til að vinna þau. Auknum verkefnum fylgir sjaldan aukið fjármagn.

Áhrif nýrra safnalaga á rekstrarumhverfi safna verður veruleg. Með þeim er menntamálaráðuneytinu færð mikil völd yfirmálefnum safnanna og veitingu fjármagns. Aukin miðstýring felur í sér tækifæri til að sameina krafta og ganga í takt en það felast líka í henni hættur á einsleitni og toppstýrðu safnastarfi. Safnaráð verður samráðsvettvangur ráðherra og ráðuneytis. Safnmenn þurfa að efla FISOS sem sameiginlegan vettvang safnanna.

Áhrif breytinga sem verið er að gera á úthlutun fjármagns frá Alþingi eiga eftir að koma í ljós. Hluti safna hefur byggt starfsemi sína á fjármagn þaðan, önnur sjá fram á að verða að aðstoða setur og sýningar sem hafa reitt sig á slíkt fjármagn.

### **B) Hver er staðan núna í málaflokknum?**

Markmið á Farskóla 2005 voru tvö: Efla Safnasjóð og hvatning um að samskipti safna og kostunaraðila byggist á faglegum forsendum. Hópurinn telur að enn þurfi að vinna að þessum markmiðum þó að rekstrarumhverfi safna í dag kalli á samvinnu eða sameiningu safna fremur en siðferðileg vandamál samfara kostun. Enn er þörf á því að efla safnasjóð og enn þarf að nálgast viðfangsefni sem við blasa á faglegum forsendum. Hafa skal í huga að grunnhlutverk safna er að varðveita sögu, náttúru og listir og að söfn gegna stóru hlutverki í menntun og fræðslu um allt land og eru mörg hver mikilvægir máttarstólpar hvers samfélags þegar kemur að uppbyggingu á atvinnutengdri ferðaþjónustu.

Í Farskólaskýrslu frá 2005 er bent á að hlutverk safnstjóra sé of oft að tryggja safninu fjármagn og að réttlæta starfsemi þess gagnvart eigendum. Þetta hefur ekki breyst. Eitt af hlutverkum stjórnar sem í eru fulltrúar eigenda er að safni sé tryggt nauðsynlegt rekstrarfé.

Rekstarumhverfi safna er ólíkt og háð stærð safns, staðsetningu og eignarhaldi. Söfnin eiga það sameiginlegt að búa við rýran kost. Rætt er um fækkun og sameiningu safna án þess að ljóst sé hvort eða hvernig ætti að standa að henni. Ólíklegt er að ein lausn henti öllum söfnum. Mikilvægt er að efla samvinnu milli safna með samræmdri stefnu. Komi til sameininga þá fylgi með nauðsynlegt fjármagn til reksturs og að horft verði til hlutverks safna og lagaskyldna. Við samvinnu eða sameiningu er nauðsynlegt að safnið verði sýnilegt öllum íbúum þess landsvæðis sem það starfar á þannig að íbúar finni að safnið sé áfram þeirra. Bein tengsl milli safns og íbúa eru mikilvæg enda hlutverk safna að fanga og varðveita sögu og arf fólksins. Í stað þess að stofna nýjar litlar einingar í kringum sögu, náttúru og listarfjóðarinnar þá hvetur hópurinn til þess að fjármunum verði veitt til þess að efla núverandi stofnanir fjárhagslega. Efling safna og fjölgun starfsmanna gerir söfnum kleift að fanga áhuga, þekkingu og kraft almennings. Frumkvöðlum gefst tækifæri á að koma góðum hugmyndum á framfæri sem getur leitt til fjölgunar áhugaverðra áfangastaða sem byggja á sjálfbærri nýtingu á sögu-, náttúru- og listarfi þjóðarinnar. Söfn eiga að tryggja varðveislu heimilda um sögu og lands og þjóðar og eru í mikilvægu hlutverki gagnvart fræðslu og þjónustu og eiga að geta verið öflugir þátttakendur í atvinnuuppbyggingu á landsvísu.

Ljóst er að miklar breytingar munu eiga sér stað á rekstrarumhverfi safna. Þegar nýsamþykkt safnalög taka gildi 1. janúar 2013 mun ráðherra úthluta úr safnasjóði og gera sérstaka samninga við ábyrgðasöfn. Hópurinn hvetur til þess að úthlutun fjármagns hvort heldur er úr safnasjóði, úr sjóðum ráðuneytis eða menningarráða byggji á faglegu mati og að eftirfylgni við nýtingu fjármagnsins verði tryggð enda sé unnið samkvæmt rekstraráætlunum sem unnar eru áður en farið er af stað í verkefnið.

Vinna þarf markvisst að því að auka skilning samfélagsins á hlutverki safna. Meðal annars með því að tryggja að þeir aðilar sem sitja í ráðum og nefndum á vegum ríkisins og vinna þar að stefnumótun á landsvísu og eru í sjóðstjórnnum þekki starfsemi safna og mikilvægi þeirra. Sömuleiðis að eigendum safna sé kynnt hlutverk þeirra samkvæmt siðareglum ICOM. Með því er safnstjórum betur gert kleift að sinna faglegri uppbyggingu safnanna og söfnunum gert mögulegt að uppfylla með sóma það grunnhlutverk sem þau eiga að gegna.

### **C) Hvert stefnum við – markmið og leiðir?**

- FISOS verði eft sem samráðsvettvangur safna.
  - Ráðinn verði framkvæmdastjóri FÍSOS.
  - Skrifstofa FÍSOS taka við þeim samráðsverkefnum sem í dag eru hjá safnaráði.
  - Skrifstofa FÍSOS haldi utan um fagleg málefni, hafi yfirsýn yfir stöðu safna og tryggi að upplýsingarnar skili sér til ráðuneytis, safnaráðs og eigenda safnanna.
- Ríkisvaldið stuðli að aukinni meðvitund samfélagsins um hlutverk safna
  - Safnasjóður verði efldur og fjármunum veitt til að efla faglega starfsemi safna.
  - Tryggt sé að fulltrúar ríkisins í ráðum og nefndum um eflingu byggðar og atvinnu í landinu þekki og skilji hlutverk safna.
  - Úthlutun fjármagns úr sjóðum ráðuneyta og menningarráða byggji á vönduðum rekstraráætlunum og eftirfylgni um nýtingu fjármagnsins.
- Eigendur safnanna skilji hlutverk safna og mikilvægi fyrir samfélagið.
  - Eigendur kynna sér hlutverk safna samkvæmt safnalögum og siðareglum ICOM.
  - Stofnskrár safna endurspegli hlutverk safns, safnstjórnar og safnstjóra.
  - Athygli verði vakin á lögbundu hlutverki safna og mikilvægi fyrir samfélagið.
  - Athygli verði vakin á möguleikum safna í þátttöku á sjálfbærri uppbyggingu menningartengdrar ferðaþjónustu.
  - Að vekja athygli á þjónustu- og fræðsluhlutverkum safna og áhrifum þeirra á nær-samfélagið með styrkingu sjálfsmyndar og þar með auknum lífsgæðum.
- Söfnin hafi frumkvæði að því að auka samvinnu.
  - Útbúa sameiginlega stefnu t.d. á ákveðnu landsvæði eða um ákveðin verkefni.
  - Vinna saman að varðveislu og miðlun og auka faglega samvinna milli safna.

		<b>Farskóli Félags íslenskra safna og safnmanna</b> <b>í Menningarhúsinu Miðgarði, Skagafirði, 5.-7.okt.2011</b>	
<b>Miðvikud. 5. okt - Dagskrárliðir</b>		<b>Fyrirlesarar</b>	
12:30	Setning farskólans og dagskráin kynnt	<i>Sigríður Sigurðardóttir</i>	
12:45-14:30	<i>Efni: Söfn og samstarf</i>		
12:45	Samstarf safna milli landa Fyrirspurnir 15 mín		<i>Nanna St. Hermansson</i>
13:30	Samstarf safna í Hordaland Fyrirspurnir 15 mín		<i>Atle Ove Martinussen</i>
14:30	Kaffihlé		
15:00-16:00	<i>Efni: Samstarf í héraði</i>		
15:00	Byggðasafn í samstarfi Fyrirspurnir 15 mín	<i>Sigríður Sig./Guðný Zoëga</i>	
16:00	Kaffihlé		
16:20-17:20	<i>Efni: Kynning ýmissa verkefna - 15 mín</i>		
16:20	Náttúruminjasöfn	<i>Helgi Torfason</i>	
16:35	Farandsýningar Þjóðminjasafns Íslands	<i>Bryndís Sverrisdóttir</i>	
16:50	Flökkusýningar Listasafns Reykjavíkur	<i>Alma Dis Kristinsdóttir</i>	
17:05	Eyðibýli á Íslandi	<i>Gísli Sverrir Arnason</i>	
17:20-18:30	<i>Efni: Hópastarf - hópar kynntir - hópavinna</i>		
19:30	Sameiginlegur kvöldverður		
<b>Fimmtud. 6. okt. - Dagskrárliðir</b>		<b>Fyrirlesarar</b>	
09:00-10:15	<i>Efni: Söfn og ferðamálafræði</i>		
09:15	Frá sjónarhóli ferðamálafræðinnar Fyrirspurnir 15 mín	<i>Guðrún Þóra Gunnarsdóttir</i>	
10:00	Kaffihlé		
10:30-12:00	<i>Efni: Kynning ýmissa verkefna - 15 mín</i>		
10:30	Tækniminjar	<i>Anna Þ. Þorgrímsdóttir</i>	
10:45	Báta- og ritsmiðar á Sildarminjasafninu	<i>Örlygur Kristfinnsson</i>	
11:00	Heimilisiðnaðarsafn og hönnuðir	<i>Elin S. Sigurðardóttir</i>	
11:15	Brauð- samtímasöfnun	<i>Gerður Róbertsdóttir</i>	
11:30	Viðbrögð við vá	<i>Nathalie Jacqueminet</i>	
12:00	Hádegisverður		
13:00-19:00	Ferð um Skagafjörð <i>Gestastofa sútarans, Minjahúsið, Róðugrund/</i>	<i>Haugnes, Tyrfingsstað.</i>	
20:00	Arshátíð FISOS		
<b>Föstudagur 7. okt. - Dagskrárliðir</b>			
10:00-12:30	<i>Efni: Hópastarf</i>		
10:00	Hópastarf		
11:00	Kaffihlé		
11:15	Hópastarf: niðurstöður kynntar - umræður		
11:15	1. Uppbygging safnaumhverfis		
11:27	2. Söfnun, varðveisla		
11:39	3. Miðlun		
11:51	4. Safnfræðsla		
12:03	5. Rannsóknir		
12:15	6. Rekstur safna, úthlutun fjár		
12:27	Ásta B Pálmadóttir, sveitarstjóri <i>Skólaslit</i>		
12:30	Hádegisverður		
13:30	Aðalfundur FISOS		
14-16	Heimsókn í Glaumbæ - miðdagskaffi í Áskaffi	<i>í boði byggðasafns og sveitarfélags</i>	

safnaráð

the museum  
council  
of iceland





*Gluggi fortíðar. Farskólanemar að Tyrfingsstöðum  
– ljósmynd Hörður Geirsson*

---

**Byggðasafn Skagfirðinga, Kaupfélag Skagfirðinga, Gestastofa sútarans og Sigurður Hansen á Sturlungaslóð tóku á móti farskólanemum í ferðalagi um Skagafjörð.**

